

## Fréttatilkynning innköllun

Dagsetning 10.01.2025

### Innköllun á Til Hamingju söxuðum döðlum vegna framleiðslugalla.

Nathan & Olsen hf. hefur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ákveðið að innkalla vöruna **Til Hamingju saxaðar döðlur** sem eru með best fyrir dagsetningar **06.2025, 08.2025 og 10.2025**. Er þetta gert með tilliti til varúðarsjónarmiða og með hliðsjón af neytendavernd, en Nathan & Olsen vill tryggja að allar vörur sem fyrirtækið dreifir uppfylli ýtrustu gæðakröfur.

Ástæða innköllunar er framleiðslugalli.

Vörunúmer	Nafn/ Vöruheiti	Best fyrir	Strikanúmer
400095	Til Hamingju saxaðar döðlur 250g	06.2025, 08.2025, 10.2025	5690595095496



Vörunni var dreift í eftirfarandi verslanir: Aðföng, Verslunin Einar Ólafsson, Fjarðarkaup, Heimkaup, Hlíðarkaup, Hraðkaup Hellisandi, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupþún, Krónan, Bláfell, Melabúðin, Smáalind, Verslunin Álfheimar, Verslunin Kassinn.

**Þau sem keypt hafa vörur með ofangreindri „best fyrir“ dagsetningu eru vinsamlega beðin um að neyta þeirra ekki og skila þeim til Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19.**

Frekari upplýsingar veitir þjónustuver í síma 530-8400 og Sigríður Erla Markúsdóttir gæðastjóri á netfanginu [sigridur.markusdottir@1912.is](mailto:sigridur.markusdottir@1912.is).

Virðingarfyllst,

Sigríður Erla Markúsdóttir

Gæðastjóri 1912 / Nathan & Olsen / Ekrunnar/ Emmessís.